

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8–10  
101 Reykjavík



Reykjavík 18. maí 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011, mál nr. 712.**

Vísað er til tölvubrúefs frá atvinnuveganefnd Alþingis dags. 6 maí sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011, mál nr. 712.

SAF - Samtök ferðaþjónustunnar vilja koma því á framfæri að breytingarnar sem koma fram í frumvarpinu séu almennt mjög jákvæðar fyrir framkvæmd laganna. Markmið laganna að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt er mjög göfugt. Gildissvið laganna, að leggja áherslu á að markmiðið stuðli að sjálfbærri þróun, jafnvægi og svæðisbundinni þróun í samræmi við skipulag og áætlanir einstakra landshluta, svo sem áfangastaðaáætlanir er mjög jákvætt.

Að mati SAF þurfa lögini að styðja við uppbyggingu kaldara svæða sem og að mat á umsóknum verði höfð að leiðarljósi efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg áhrif hvers verkefnis fyrir sig.

Samtökin telja frumvarpið skorta rýmkun á hugtakinu „ferðamannaleið“ svo að það nái einnig yfir ferðamannavegi. Akvegirnir sjálfir heyra undir vegalög, nr. 80/2007, eins og réttilega er bent á í greinargerð frumvarpsins og er því ekki um að ræða fjármögnum á akveginum sjálfum heldur uppbyggingu þjónustu, merkingar áfangastaða og aðbúnaðar við þá vegi sem byggja á upp sem ferðamannavegi. Því til stuðnings er vert að benda á öflugra uppbygging ferðamannavega í Noregi, þar sem ferðamannavegirnir sjálfir og jafnvel vel útfærðir áningarstaðir veganna eru nú einhverjir sterkustu seglar landsins. Með öflugri uppbyggingu ferðamannavega næst meiri dreifing ferðamanna, lífsgæði heimamanna eru aukin og aðgengi að áfangastöðum verður betra.

SAF telja afar mikilvægt að ferðamannavegir falli undir ferðamannaleiðir og að framkvæmdarsjóður horfi til fjármögnunar ferðamannaleiða sem langtíma verkefni.

SAF benda einnig á nauðsyn þess að úthluta fjármunum til lengri tíma í senn en gert er nú. Sum verkefni eru þess eðlis að þau geta fengið úthlutun til eins árs en önnur þurfa

þolinmótt fjármagn og úthlutun til lengri tíma en til eins árs. Því er mikilvægt að grunn fjármögnun sjóðsins sé áætluð til lengri tíma og að úthlutunarreglum verði breytt svo hægt sé að bregðast við langtíma fjármögnunarþörf.

Að lokum vilja samtökin ítreka mikilvægi samspils Framkvæmdarsjóðs, Landsáætlunar og áfangastaðaáætlana landshlutanna í uppbyggingu á ferðamannastöðum og lýsa yfir ánægju með þau góðu verkefni sem þessir aðilar hafa staðir fyrir.

*Virðingarfyllst*

*F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar*

A handwritten signature in cursive script, reading "Jóhannes Þór Skúlason".

*Jóhannes Þór Skúlason,  
framkvæmdastjóri*